

9

15. júní

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn að vinna verk sitt eftir bestu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið tiltekur nánar verksemi löggiltra endurskoðenda og sker úr, ef deilur verða um gjöld fyrir störf þeirra, ef aðiljar óska, enda verða þá slík mál ekki borin undir dómstólana.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

10

15. júní

LÖG

um

viðauka við og breyting á lögum nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að láta gera þau mannvirki á Flóaáveitu-svæðinu, auk skurða og garða, sem nauðsynleg verða að teljast til þess að áveitan komi að fullum notum, og greiðist kostnaður af framkvæmdum þessum á þann hátt, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæð-

isins, enda nemi tillag ríkissjóðs til vegagerða aldrei meiru en helmingi kostnaðar, og ekki yfir $\frac{1}{4}$ kostnaðar til annara framkvæmda.

10
15 júní

2. gr.

Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðing til, eftir því sem nauðsynlegt telst. Kostnaður af nefnd og sjerfræðingum greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Þeim hluta kostnaðar af framkvæmdum samkvæmt 1. gr., sem um semst að Flóaáveitufjelagið skuli greiða, jafnar stjórn áveitufjelagsins niður á áveitujarðirnar, aðallega eftir þeim notum, sem þær, hver um sig, hafa af framkvæmdum þessum. Að öðru leyti ná ákvæði laga nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann, til mannvirkja þeirra, sem lög þessi ræða um, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

4. gr.

Vegum þeim, sem lagðir kunna að verða á áveitusvæðinu samkvæmt lögum þessum, skal skifta í sýsluvegi og hreppavegi eftir tillögum vegamála-stjóra.

5. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal skipuð þrem mönnum, er kosnir sjeu til 3 ára. Ganga þeir úr stjórninni sitt árið hver, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.